



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Þátttaka í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttamanna sem gildir frá 1. apríl 2020 til 1. apríl 2021. Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi fyrir allt að 384 einstaklinga, eða 287 fjölskyldueiningar, á ársgrundvelli, þ.e. fjölskyldur og einstaklinga. Fjárhæð samningsins gæti numið allt að 111 m.kr. Þar af eru 92 m.kr. áætlaðar í almenna ráðgjöf og stuðning en 18,5 m.kr. fyrir húsnæðisumsýslu. Gert er ráð fyrir 9,2 stöðugildum ráðgjafa, þar af 1,6 stg. í húsnæðisráðgjöf. Kostnaður greiðist alfarið af félagsmálaráðuneytinu.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 10. september síðastliðinn var samþykkt tillaga velferðarráðs frá 2. september að heimila velferðarsviði að taka þátt í viðræðum við félagsmálaráðuneytið vegna beiðni ráðuneytisins um þátttöku Reykjavíkurborgar í tilraunaverkefni um samræmda móttöku flóttamanna. Verkefnið gengur út á að koma á samræmdri móttöku flóttafólks, óháð því hvort það kemur til landsins sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eða í boði stjórnvalda í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (kvótaflóttamenn). Sömu úrræði eiga því að vera í boði fyrir þessa tvo hópa flóttamanna. Aðstoðin felst fyrst og fremst í ráðgjöf og stuðningi, s.s. ráðgjöf og aðstoð við öflun húsnæðis, vegna skólamála, fjölskyldumála, atvinnu o.fl.

Viðræður hafa staðið yfir á undanförunum vikum við ráðuneytið og sýnir tafla 1 hvernig samningur tilraunaverkefnisins vegna 287 einstaklinga og fjölskyldna gæti litið út en það er sá fjöldi sem hefur komið á undanförunum mánuðum ásamt spá fram til 1. apríl 2021.

Tafla 1. Greiðslur frá ríkinu miðað við komu flóttamanna til Reykjavíkur frá apríl 20 – mars 21

Fjölskyldugerð apr 20 - mars 21	Fjöldi	Stöðugildi pr fjölskyldueiningu	Upphæð
Einhleypur karl	134	3,89%	34.800.103
Einhleyp kona	41	3,89%	10.781.661
Einstæður faðir	4	5,86%	1.396.644
Einstæð móðir	29	5,86%	11.782.118
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	12	4,54%	4.217.912
Hjón/sambýlisfólk með börn	67	6,56%	29.407.854
Samtals fjöldi fjölskyldueininga	287		92.386.291
Húsnæðisráðgjafi	1,6 stg fyrir 287 fjölskylduein		18.548.837
Samtals til greiðslu vfir árið			110.935.128

Eins og kemur fram í töflu 1 er lægsta greiðslan fyrir þjónustu við einstaklinga, en miðað er við 3,89 % stöðugildi og hæsta greiðsla er þjónusta við hjón eða sambýlisfólk með börn og er gert ráð fyrir 6,56 % stöðugildi fyrir hverja fjölskyldu óháð fjölda barna. Þannig gæti hver ráðgjafi sinnt allt að 27 einstaklingum en um 15 fjölskyldum. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði vegna húsnæðisráðgjafar, eða 18,5 m.kr. fyrir þennan fjölda einstaklinga og fjölskyldna og yrði það verkefni eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði að aðstoða við úttegun húsnæðis og ráðgjöf við samningagerð.

Í dag eru 15 starfsmenn sem sinna þjónustu við flóttafólk hjá Reykjavíkurborg, en á árunum 2019 og 2020 hafa 667 einstaklingar búsettir í Reykjavík hlotið alþjóðlega vernd og fengið þjónustu frá sveitarfélaginu, þar af 149 börn.

Tafla 2. Þjónustuveiting eftir hverfum:

Þjónustumiðstöð	2019	2020	Samtals
1. Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	131	165	296
2. Laugardalur og Háaleiti	90	80	170
3. Breiðholt	61	50	111
4. Árbær og Grafarholt	21	34	55
5. Grafarvogur og Kjalarnes	17	18	35
Total	320	347	667

Með tilkomu tilraunaverkefnisins verður unnt að styðja enn betur við þá einstaklinga sem eru að aðlagast nýju umhverfi. Mikilvægt er að velferðarsvið komi markvisst inn í stuðning við hópinn til að einstaklingar fái öll þau tækifæri sem bjóðast til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.